
FUNDARGERÐ

Fundur:	Raforkuhópur 2006-04
Fundartími:	Þriðjudagur 2. maí 2006 kl. 13:30
Fundarstaður:	Orkustofnun, Grensásvegi 9
Fundarefni:	1) Raforkunotkun á fyrstu þremur mánuðum ársins. 2) Notkunarflokkar raforku 2005. 3) Aflþörf raforkukerfisins 2005. 4) Forsendur endurreiknings raforkuspár og breytingar á spánni. 5) Önnur mál.

Á fundinn mættu:	
Raforkuhópurinn:	Sigurður Ágústsson Agnar Árnason Ívar Þorsteinsson
Verkfræðistofan Afl:	Jón Vilhjálmsson Ingvar Baldursson
Landsnet:	Ásgeir Sigtryggsson
Fjarverandi:	Íris Baldursdóttir Gunnar Aðalsteinsson Pétur E. Þórðarson

- 1) JV sagðist hafa fengið gögn frá Orkustofnun seint síðasta föstudag og það ætti eftir að hlaða þeim inn í gagnagrunninn og því væru þessar tölur ekki tilbúnar. Hann hefði verið beðinn um að koma þeim inn. Hann sagði að Orkustofnun þyrfti að huga að því að fá þessi gögn fyrr og hlaða þeim inn svo að hægt væri að ganga frá hverjum ársfjórðungi fyrir næstu mánaðamót eftir lok ársfjórðungs. ÍP ætlar að fara yfir þessi mál og ÁS ætlar að athuga hvort gögn séu ekki afhent frá Landsneti mánaðarlega. JV sagði að tölurnar ættu að vera tilbúnar í næstu viku og mun hann þá senda þær til fundarmanna og birta þær á heimasíðu nefndarinnar.
- 2) Ingvar fór yfir skýrslu um notkunarflokka og sagði að síðustu gögn um notkunarflokka hefðu ekki komið fyrr en í síðustu viku. Nokkur umræða var um heiti/skýringar á neðstu línunum töflunnar þar sem er samantekt, orkuöflun og útreikningur á töpum. IB og JV munu lagfæra þá texta í ljósi umræðunnar á fundinum. Einnig var lagt til að aðgreina betur dálk með tölum vinnslufyrirtækja. Rætt var um hvort byggingarafmagn á

Hellisheiði væri með tölum OR eða hvort það lenti með töpum. Ákveðið var að bera undir Rafveitu Reyðarfjarðar og Orkuveitu Húsavíkur hvort athugasemdir væru við að vinnsla þeirra sæist í skjalinu. Skjalið var samþykkt og heimilað að gefa það út ef ekki kæmu athugasemdir frá þessum veitum.

- 3) Ingvar sagði að öll aflagögn væru komin inn í gagnagrunn og verið væri að vinna úr þeim. Hann sagði að toppur í vinnslu hefði komið 18. janúar 2005 milli kl 18 og 19 og verið 1.201 MW. Nokkur umræða var um það af hverju toppurinn kom á fyrri hluta árs og var það talið líklegast vegna veðurs. ÁS sagði eð engin afhending væri lengur í Hamranesi nema til Furu. Afhending til Alcan er í Stramsvík. Töflurnar verða sendar til hópsins þegar þær verða tilbúnar.
- 4) ÁS sagði að samantekt um stóriðjunotkun væri ekki tilbúin og spurning hvað Landsnet gæti látið fara frá sér. JV ítrekaði að einungis væri um þá notkun að ræða sem þegar hafa verið gerðir samningar um. ÁS ætlar að ræða þetta við Írisi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 15:20. Næsti fundur ákveðinn 6. júní 2006.

Jón Vilhjálmsson

Sýnt var en ekki dreift:

- Tafla um notkunarflokkra raforku 2005.
- Töflur um álag 2005.